

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 1. október 2018 kl. 13:15. Þetta er fyrsti fundur framkvæmdastjórnar eftir sveitarstjórnarkosningar 26. maí sl.

Fundinn sátu framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Aðalsteinn J. Halldórsson, Dagbjört Jónsdóttir, Elías Pétursson (í síma), Kristján Þór Magnússon, Sigurður Þór Guðmundsson (í síma) og Þorsteinn Gunnarsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. og ritaði fundargerð.

Fráfarandi formaður setti fund og stjórnaði kjöri formanns og varaformanns, þetta gerðist:

1. Framkvæmdastjórn skiptir með sér verkum

Framkvæmdastjórn skiptir þannig með sér verkum að kosinn er formaður og varaformaður en framkvæmdastjóra falið að rita fundargerðir. Tillaga kom um að Dagbjört Jónsdóttir verði formaður og Elías Pétursson varaformaður. Ekki komu fram fleiri tillögur og voru þau því sjálfkjörin.

2. Fundaplan starfsársins

Skv. stofnsamningi skal framkvæmdastjórn funda að jafnaði eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Samþykkt að fastsetja eftirfarandi fundardaga kl. 13:15; 15. okt., 19. nóv., 14. jan., 11. mars og 13. maí. Framkvæmdastjóra falið að senda fundarboð í dagatali.

3. Fjárhags- og starfsáætlanir 2019

Ekki liggja fyrir tillögur að fjárhags- og starfsáætlunum allra stofnana og verkefna sem undir byggðasamlagið heyra. Umfjöllun og afgreiðslu er því frestað til næsta fundar. Sérstaklega var rætt um þóknanir fyrir nefndarstörf en skv. samþykkt fulltrúaráðs frá 2017 skyldu þóknanir miðast við þágildandi fyrirkomulag hjá Norðurþingi. Nú hefur því fyrirkomulagi verið breytt og tekur mið af þingfararkaupi. Samþykkt að leggja til að áfram verði tekið mið af fyrirkomulagi Norðurþings og framkvæmdastjóra falið að útfæra í tillögu á fjárhagsáætlun sem verði til afgreiðslu á næsta fundi.

4. Bókun stofnfundar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses.

Samþykkt að fela formanni og Kristjáni Þór að vinna tillögu með formanni stjórnar atvinnuþróunarfélagsins að útfærslu á bókun stofnfundarins sem lögð verði fyrir framkvæmdastjórnina til umfjöllunar afgreiðslu.

Bókun stofnfundarins er svohljóðandi:

„Lagt er til að breytingar verði gerðar á samþykktum AÐ ses. til að tryggja a) með skýrum hætti hvernig tilnefningar aðila í stjórn komi inn til fulltrúaráðsfundar, b) að tryggt verði að sem jafnast kynjahlutfall verði í stjórn AÐ ses. og c) að fulltrúar sveitarfélaganna bæði á vestur og austur starfssvæði stofnunarinnar eigi fulltrúa í stjórn. Lagt er til að stjórn AÐ ses. og framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Þingeyinga bs. vinni þessar tillögur að breytingum og leggi fyrir stofnaðila til umfjöllunar eins skjótt og verða má. Jafnframt er lagt til að efnt verði til

aukafundar fulltrúaráðs AP ses. eigi síðar en 1. desember 2018 hvar stefnt verði að samþykkt breytinga á þessum grunni með formlegum hætti, að undangenginni umsögn stofnaðila á breytingunum.“

5. Erindi frá HSP

Formaður og framkvæmdastjóri HSP mættu til fundarins og gerðu grein fyrir erindinu sem snýr að því að efla lýðheilsu á starfssvæði héraðssambandsins undir slagorðinu *Æfum alla ævi*. Það verði m.a. gert með því að héraðssambandið geti verið sterkari bakhjarl einstakra aðildarfélaganna sinna til að efla faglega þjálfun á svæðinu og gera börnum og öðrum aldurhópum kleift að sækja æfingar innan svæðisins. Er það mat þeirra að til að hrinda verkefninu af stað af metnaði þurfi að leggja í það um 1,5 stöðugildi. Óskað er samstarfs við sveitarfélögin um skipulag og fjármögnun verkefnisins.

Talsverðar umræður urðu um málið og fundarmenn sammála um mikilvægi þess hvað varðar m.a. búsetuskilyrði á svæðinu. Þá er ljóst að talsverð samlegð gæti orðið af því og ýmsum verkefnum sem sveitarfélögin standa nú þegar að, t.a.m. undir merkjum *Heilsueflandi samfélag*. Lýstu framkvæmdastjórnarnir vilja til þess að koma málinu áfram og munu taka það upp í sínum sveitarstjórnunum.

6. Önnur mál

- a) Þorsteinn Gunnarsson vakti athygli á þingmannafundi með sveitarfélögunum sem fram fer á morgun og taldi mikilvægt að menn stilltu saman strengi sína eftir því sem hentaði. Var það samþykkt og farið yfir nokkur mál sem einstök sveitarfélög munu taka upp á fundinum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:16